



Gagnlegar upplýsingar um UEFA B prófið o.fl.

- UEFA B prófið fer fram í fyrsta skipti á Íslandi, laugardaginn 24. janúar 2004 klukkan 10.00 um morguninn í fundarsal ÍSÍ í Laugardal. Próftími er 2 klukkustundir. Reiknað er með að bjóða upp á prófið árlega og reynt verður að bjóða upp á það í hverjum landsfjórðungi. Það er ekki hægt að fá að taka prófið á öðrum tíma.
- Þátttökurétt í prófinu í ár hafa allir sem hafa lokið KSÍ I, II, III og IV. Þátttakendur þurfa einnig að hafa skilað inn öllum verkefnum (á fullnægjandi hátt) sem tengjast þessum námskeiðum.
- Þjálfarar sem ætla að skrá sig í UEFA B prófið og þeir þjálfarar sem eru með D eða E stig þurfa að senda mér tölvupóst með nafni, kennitölu, heimilisfangi, póstnúmeri, netfangi, GSM síma og fæðingarstað ásamt passamynd á tölvuformi (eða í pósti, en helst á tölvuformi). Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til að geta fengið þjálfaraskírteinið. Skírteinið verður væntanlega tilbúið í febrúar. Sendið tölvupóst á siggi@ksi.is
- Próftökugjald er 2000 krónur og greiðist á prófdegi fyrir upphaf prófsins.
- Prófið er skriflegt og er mögulegt að fá alls 100 stig á því. Til að ná prófinu þarf að ná 50 stigum. Til að halda áfram í þjálfaramenntunarkerfi KSÍ (yfir á UEFA A) þarf að ná lágmark 70 stigum. Vinsamlegast verið mætt 15-20 mínútum fyrir prófið til að greiða próftökugjaldið. Prófið byrjar á slaginu 10.00 og endar á slaginu 12.00.
- Prófað er úr námsefni fyrstu fjögurra þjálfaranámskeiða KSÍ (I, II, III, og IV) og er námsefnið aðgengilegt á fræðsluvef KSÍ. Einnig er prófað úr kennslubókunum sem eru afhentar með fyrstu 4 þjálfaranámskeiðunum en þær eru líka til sölu á skrifstofu KSÍ. Spurningar geta líka tengst almennri þekkingu á knattspyrnu og knattspyrnuþjálfun. Knattspyrnulögin eru líka til prófsins.
- Prófið skiptist í krossaspurningar, nokkrar styttri spurningar og tímaseðil.
- Þeir þjálfarar sem ná 50 stigum á prófinu fá UEFA B þjálfararéttindi (UEFA B coaching license). Þjálfararéttindin eru metin í 35 af 52 löndum Evrópu og auðveldað því þjálfurum að fá störf og sækja sér frekari menntun erlendis. Þjálfarar með UEFA B þjálfararéttindi hafa leyfi til að þjálfa alla yngri flokka hjá öllum liðum á Íslandi.
- Þjálfarar þurfa að hafa UEFA B próf upp á 70/100 til að geta komist á KSÍ V og VI.
- Frekari upplýsingar um þjálfaranámskeið KSÍ veitir Sigurður Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóri KSÍ í síma 510-2909 og á tölvupósti siggi@ksi.is